



Fundargerð 59. aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) haldinn á Eiðum 9. maí 2025

Dagskrá fundarins var á vefnum ásamt viðeigandi gögnum á meðan fundinum stóð.

1) Setning aðalfundar, skipun fundarstjóra og ritara

Berglind Harpa Svavarsdóttir, formaður SSA, setti aðalfundinn kl. 11 og bauð fundarmenn og gesti velkomna á 59. aðalfund SSA. Hún bar upp tillögu um Dagmar Ýr Stefánsdóttur sem fundarstjóra og Aron Thorarensen sem fundarritara og var tillagan samþykkt samhljóða.

Dagmar tók við stjórn fundarins og fór yfir dagskrá og staðfesti lögmæti hans.

Fundarstjóri staðfesti því næst kjörbréf og sagði mætingu kjörinna fulltrúa vera í samræmi við kjörbréfin sem bárust fyrir fundinn.

Fljótshreppur: Tveir mættir fulltrúar með samtals 90 atkvæði

Múlaþing: Níu mættir fulltrúar* með samtals 5232 atkvæði

Fjarðabyggð: Átta mættir fulltrúar með samtals 5247 atkvæði

Vopnafjarðarhreppur: Þrír mættir fulltrúar með samtals 648 atkvæði

2) Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri bauð formann SSA að kynna skýrslu stjórnar.

Formaður SSA flutti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu verkefni síðasta starfsárs. Hún sagði að stjórn SSA hefði á tímabilinu haldið ellefu stjórnarfundum og lagt áherslu á mál sem snúa að samgöngum, raforkuöryggi, efnahagslegu réttlæti, byggðafestu, bættri geðheilbrigðisþjónustu – ásamt mikilvægu átaki gegn aðgerðum af hendi ríkisins sem skilgreina má sem landsbyggðarskatt.

Formaður rifjaði upp meginmarkmið SSA og áréttaði mikilvægi samstarfsins við Austurbrú. Hún sagði að baráttan fyrir auknum jöfnuði til búsetu væri sífellt verkefni og næg væru verkefnin.

Hún gerði grein fyrir helstu niðurstöðum haustþings SSA 2024 og sagði að þar hefðu verið samþykktar skýrar ályktanir varðandi samgöngumál, geðheilbrigðisþjónustu, orkuöryggi landshlutans og réttlátari tekjustofna sveitarfélaga. Einnig var samþykkt ályktun gegn bílastæðagjaldi á Egilsstaðaflugvelli, sem hún kallaði „hamlandi fyrir för íbúa Austurlands“ og hvatti til þess að rýmka þyrfti tímarammann úr 14 klst í lágmark 3–4 sólahringa vegna víðtækrar þjónustuparfar utan svæðisins.

- Tveir fulltrúanna fóru með tvö atvæði fulltrúa sem ekki áttu heimangengt

Hún greindi frá því að vinna við endurnýjun Sónaráætlunar Austurlands 2025–2029 hefði farið fram að hausti og sagðist stolt af þeirri víðtæku þátttöku sem náðist, með samtali við íbúa, fyrirtæki og stofnanir um allt Austurland – og sérstaklega hefði áhersla verið á að ná til ungs fólks og íbúa af erlendum uppruna.

Tillaga að nýjum samþykktum SSA væri nú til afgreiðslu og hefði hún verið unnin af hópi þriggja aðila – tveggja lögfræðinga ásamt núverandi bæjarstjóra Fjarðabyggðar, fyrrverandi framkvæmdastjóra Austurbrúar. Breytingarnar miðuðu að því að styrkja innviði samtakanna með skýrara regluverki og skilgreindari verkaskiptingu. Jafnframt minntist formaður á tillögu Fljótsdalshrepps um að sveitarfélagið fengi fulltrúa í stjórn í stað áheyrnarfulltrúa, sem nú væri til umræðu.

Hún rakti áfram störf stjórnar varðandi innviðamál og hvatti til áframhaldandi uppbyggingar í heilbrigðisþjónustu og orkuframleiðslu. Hún benti einnig á skýrslu um fjarskiptamál Austurlands sem sýndi alvarlega veikleika sem geta haft áhrif á öryggi, þjónustu, atvinnulíf og lífsgæði.

Formaður sagði fjarskipti vera forsendu öflugs viðbragðskerfis og neyðarboða og forsendu atvinnulífs og þróunar. Skortur á öruggum tengingum væri óásættanlegur í fjórðungi þar sem náttúruvá og samgöngutafir eru raunverulegur þáttur í daglegu lífi.

Hún ítrekaði mikilvægi gagna og greininga, einkum efnahagsgreiningar SSA og Analytica frá 2023, sem sýndi að Austurland legði til um fjórðung alls vöruútflutnings á Íslandi – samtals um 240 milljarða króna – þrátt fyrir að íbúar svæðisins séu aðeins um 3% þjóðarinnar. Hún lýsti ánægju með að önnur landshlutasamtök væru nú að taka upp sömu greiningaraðferðir.

Formaður sagði að SSA hefði lagt áherslu á að fjárfesting í Austurlandi væri ekki aðeins réttlætismál, heldur þjóðhagslegt hagsmunamál. Það borgaði sig að fjárfesta þar sem verðmætin verða til – og þau yrðu til hér.

Hún lauk ræðu sinni með þessum orðum: „Við höfum vakið eftirtekt fyrir samtakamátt okkar, allt Austurland. Fagleg metnaðarfull gögn sýna bæði öfluga samstöðu og gríðarlega verðmætasköpun.“

3) Kynning á ársreikningi 2024

Fundarstjóri bauð Ingimar Guðmundsson, verkefnastjóra hjá KPMG, að kynna ársreikning SSA fyrir árið 2024 og fór hann yfir helstu niðurstöður hans. Rekstrarafgangur ársins 2024 er tæpar 28 milljónir. Eigið fé og skuldir eru tæpar 477 milljónir, skuldir eru 354 milljónir og eigið fé er um 123 milljónir. Handbært fé í árslok er rúmlega 451 milljónir.

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	Áætlun 2024	2023
Rekstrartekjur:				
Framlög sveitarfélaga		40.556.673	32.223.337	30.827.518
Önnur rekstrarframlög		228.785.535	199.229.923	202.735.716
Aðrar tekjur		0	0	1.485.268
	1b	<u>269.342.208</u>	<u>231.453.260</u>	<u>235.048.502</u>
Rekstrargjöld:				
Verkefnastjórn, nefndarlaun og greiðslur til Brúar lífeyrissjóðs		26.066.721	27.575.840	25.277.313
Lífeyrisskuldbinding, breyting	3	11.013.143	13.500.000	11.019.525
Annar stjórnunarkostnaður		4.818.694	6.600.000	4.443.713
Funda- og ferðakostnaður		5.653.468	6.500.000	5.140.830
Sérverkefni, beinn kostnaður		215.973.322	173.714.012	174.313.818
	1c	<u>263.525.348</u>	<u>227.889.852</u>	<u>220.195.199</u>
Rekstramiðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		5.816.860	3.563.408	14.853.303
Vaxtatekjur		23.233.512	2.000.000	12.362.323
Niðurfærsla eignarhluta	(	665.000)	0	0
Vaxtagjöld	(	600.690)	0	(15.483)
		<u>21.967.822</u>	<u>2.000.000</u>	<u>12.346.840</u>
Rekstrarafgangur	2	<u>27.784.682</u>	<u>5.563.408</u>	<u>27.200.143</u>



Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir		Skýr.	2024	2023
Fastafjármunir:				
Áhættufjármunir:				
Eignarhlutur í SV Aust ehf.			0	665.000
Fyrirframgreiddur kostnaður	4		3.867.389	4.060.496
			<u>3.867.389</u>	<u>4.725.496</u>
Fastafjármunir			<u>3.867.389</u>	<u>4.725.496</u>
Veltufjármunir:				
Skammtímakröfur:				
Krafa vegna lögbanns	5		7.000.000	7.000.000
Fyrirframgreiddur kostnaður	4		193.107	193.107
Aðrar skammtímakröfur	6		14.477.238	16.316.697
Handbært fé.....	1e		451.445.485	345.334.737
Veltufjármunir			<u>473.115.830</u>	<u>368.844.541</u>
Eignir samtals			<u><u>476.983.219</u></u>	<u><u>373.570.037</u></u>
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé:				
Eiginfjárreikningur	2		<u>123.192.359</u>	<u>95.407.677</u>
Skuldbindingar:				
Lífeyrisskuldbinding	3		116.816.036	114.253.680
Skuldbinding SvAust ehf.	5		26.252.211	0
			<u>143.068.247</u>	<u>114.253.680</u>
Skammtímaskuldir:				
Fyrirframinnheimtar tekjur	8		56.236.573	56.236.573
Ógreiddur rekstrarkostnaður			130.903.540	89.517.107
Ógreitt vegna uppbyggingarsjóðs			23.582.500	18.155.000
			<u>210.722.613</u>	<u>163.908.680</u>
Skuldir samtals			<u>353.790.860</u>	<u>278.162.360</u>
Eigið fé og skuldir samtals			<u><u>476.983.219</u></u>	<u><u>373.570.037</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstrarafgangur ársins.....	2	27.784.682	27.200.143
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	3	11.013.143	11.019.525
Niðurfærsla eignarhluta.....		665.000	0
Veltufé frá rekstri		39.462.825	38.219.668
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Fyrirframgreiddur kostnaður, lækkun.....		193.107	193.107
Skammtímakröfur, lækkun.....		1.839.459	28.637.666
Skammtímaskuldir, hækkun		46.813.933	8.839.393
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar.....	3	(8.450.787)	(7.948.372)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		40.395.712	29.721.794
Handbært fé frá rekstri		79.858.537	67.941.462
Fjármögnunarhreyfingar:			
Breyting á öðrum skuldbindingum.....	5	26.252.211	0
Fjármögnunarhreyfingar		26.252.211	0
Hækkun á handbæru fé		106.110.748	67.941.462
Handbært fé í ársbyrjun		345.334.737	277.393.275
Handbært fé í árslok		451.445.485	345.334.737

Engum spurningum var beint til Ingimars eftir yfirferð hans á ársreikningi.

4) Kynning endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar SSA fyrir árið 2025 og fjárhagsáætlun SSA fyrir árið 2026 og árgjöld 2026

Bryndís Fiona Ford, framkvæmdastjóri Austurbrúar, kynnti endurskoðaða fjárhagsáætlun 2025 og áætlun fyrir árið 2026 ásamt uppfærðum árgjöldum. Vísað var í rafræn skjöl á vefnum. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum lið.

5) Niðurstaða fjárhagsnefndar

Guðlaugur Sæbjörnsson sagði frá skýrslu fjárhagsnefndar og greindi frá niðurstöðu hennar.

Lagði hann til að ársreikningur fyrir 2024 verði samþykktur ásamt endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2025, fjárhagsáætlun 2026 og tillögu að árgjöldum 2026.

6) Afgreiðsla tillagna fjárhagsnefndar

- Ársreikningur SSA 2024 borinn upp og samþykktur samhljóða.
- Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2025 borin upp og samþykkt samhljóða.
- Fjárhagsáætlun 2026 borin upp og samþykkt samhljóða.
- Tillaga að árgjöldum 2026 borin upp og samþykkt samhljóða.

7) Könnun ársreiknings

Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirkomulag í tengslum við könnun ársreiknings. Í máli hennar kom fram að ársreikningur SSA var afgreiddur og undirritaður af stjórn sambandsins og endurskoðanda þann 2. maí. Ársreikningurinn var kannaður af KPMG með sambærilegum hætti og undanfarin ár.

8) Breytingar á samþykktum SSA

Fyrir fundinum lágu tvær breytingartillögur en fyrir ári síðan samþykkti aðalfundurinn að fara í endurskoðun á samþykktum SSA. Í framhaldinu var skipuð laganefnd sem í sátu Stefán Bogi Sveinsson, Jóna Árný Þórðardóttir og Jón Jónsson til að fara yfir samþykktirnar. Fundarstjóri benti fundarmönnum á að tillögurnar mætti finna á vef Austurbrúar, Hann lagði til að tillögurnar yrðu báðar kynntar og svo opnað á umræðu um þær.

Fundarstjóri bauð Stefáni Boga úr laganefndinni að kynna tillögu stjórnar. Stefán fór yfir aðdragandann, hann hefði verið kallaður inn af stjórn til að vinna með henni í þessu. Aðrir í laganefnd hefðu ekki verið kallaðir til. Hann fór yfir tillögu stjórnar sem hafði að leiðarljósi að skýra regluverk SSA. Stjórnin hefði útfært tillögu laganefndar nánar þar sem hún vildi ekki ganga jafnt langt og tillaga laganefndar gerir ráð fyrir.

Meginatriði breytinganna væru:

Skv. 3. gr. samþykktanna halda skal aukaaðalfund í júní til að kjósa í stjórn það ár sem kosið er til sveitarstjórna. Hún kveður einnig á um tilnefningu og hlutverk kjörnefndar.

4. gr. kveður á um atkvæðavægi ef fulltrúi mætir ekki og framselur atkvæði sitt ekki öðrum.

5. gr. kveður á um heimild fulltrúa til að leggja fram breytingartillögu við tillögu kjörnefndar. Hún kveður einnig á um skiptingu sæta á milli sveitarfélaga í stjórn þar sem sveitarfélög með yfir 3.000 íbúa fái tvo menn hvort og sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri fái einn mann. Enn fremur um kjör fulltrúa í stjórn, missi fulltrúi kjörgengi sitt.

6. gr. kveður á um að formaður komi ekki frá sama sveitarfélagi tvö kjörtímabil í röð og segir til um boðun varafulltrúa og skipun í nefndir. Einnig um boðun varafulltrúa og skipan nefnda.

11. gr. áréttar hvar kostnaður fellur til við stjórnarfundir sem haldnir eru með þeim sveitarfélögum sem aðild eiga að SSA.

Helgi Gíslason, sveitarstjóri Fljótsdalshrepps, kom því búnu í pontu og gerði grein fyrir breytingartillögu Fljótsdalshrepps en hún snýr að breytingum á 5. og 6. gr.: að Fjarðabyggð og Múlaþing fái tvo menn hvort í stjórn og Vopnafjarðarhreppur og Fljótsdalshreppur einn mann hvort (5. gr) og að meirihluti stjórnar ráði niðurstöðu mála komi til atkvæðagreiðslu. Standi atkvæði á jöfnu ráði atkvæði formanns (6.gr).

Helgi minnti á að SSA væru frjáls félagasamtök, engar kröfur gerðar um aðild sveitarfélaga, um stærð þeirra, lögun eða lit. Eina krafan sem gerð væri í tillögu stjórnar varðaði mismunun gagnvart Fljótisdælingum sem skyldu ekki eiga stjórnaraðild. Fór hann yfir hvernig málum væri háttað í öðrum landshlutum: á Norðurlandi eystra væru öll sveitarfélög með aðild að stjórn og atkvæðisrétt, engar kröfur um íbúafjölda nefndar. Á Norðurlandi vestra væru öll sveitarfélög með stjórnaraðild og atkvæðisrétt. Fjórðungssamband Vestfirðinga, þar sem mörg sveitarfélög væru, kæmi sér saman um stjórnarmenn og ekkert sveitarfélag væri útilokað. Á Vesturlandi væru öll sveitarfélög með fulltrúa í stjórn og með atkvæðisrétt. Á höfuðborgarsvæðinu væru öll sveitarfélög með mann í stjórn og með atkvæðisrétt, þó þar væru Reykjavíkurborg og Kjósarhreppur með 350 íbúa með einn stjórnarmann hvort. Á Suðurnesjum væru öll sveitarfélög með mann í stjórn og með atkvæðisrétt og á Suðurlandi þar sem mörg sveitarfélög væru, væri enginn útilokaður heldur kæmu þau sér saman um fulltrúa.

Sagði Helgi við fundarmenn að ef þeir felldu tillögu Fljótshalshrepps hefðu þeir samþykkt að aðeins eitt sveitarfélag á landinu væri útilokað frá stjórnaraðild. Helgi sagði Fljótshaldælinga velta fyrir sér hvað þau hafi gert SSA. Tillagan væri ekki bara móðgun, heldur niðurlægning fyrir Austurland. Hvernig hún ætti að efla Austurland, sem væri tilgangur SSA, væri óskiljanlegt. Spurði hann hvernig samstarfinu verði háttað? Helgi benti einnig á þversögnina í því að þegar mál er varða svæðisskipulagsnefnd séu tekin fyrir sé fulltrúi Fljótshalshrepps með atkvæðisrétt á við önnur sveitarfélög. Hann minnti á að samþykktir SSA séu pólitískt plagg ekki lagatæknilegt og að betur hefði farið á því að kjörið sveitastjórnarfolk hefði verið í nefndinni sem vann að breytingunum.

Að því búnu opnaði fundarstjóri fyrir umræður.

Fyrst tók til máls Berglind Harpa, sveitarstjórnarfulltrúi hjá Múlaþingi. Fagnaði hún málefnalegri umræðu og fór yfir aðdraganda þess að farið var í að breyta samþykktunum. Miklar breytingar hefðu á stjórninni í síðustu kosningum og að skýrar samþykktir þyrfti til að geta unnið eftir samþykktunum. Öll stjórnin hefði samþykkt að fara í endurskoðun breytinga á samþykktunum, þ. á m. fulltrúi Fljótshalshrepps. Mikilvægt væri að samþykktirnar væru skýrar og þakkaði hún laganeftndinni fyrir vinnuna. Á síðasta haustþingi hefði komið tillaga frá Fljótshalshreppi um atkvæðisrétt í stjórn sem hefði verið skoðuð. Viðmiðið ætti hins vegar að vera íbúafjöldi og Fljótshalshreppur væri með færri íbúa og lægri framlegð til sambandsins. Tillaga Fljótshalshrepps væri um að áheyrnarfulltrúi fái atkvæðisrétt og um aukið vægi formanns ef þurfi. Benti Berglind á að aukið vægi tíðkaðist ekki lengur og að ef stjórnarmönnum yrði fjölgað félli aukinn kostnaður á sambandið. Benti einnig á að hægt væri að taka breytingar fyrir að ári og skoða betur. Nota ætti tímann fram að næsta aðalfundi til að finna leið til að koma til móts við Fljótshalshrepp, hún liti ekki svo á að Fljótshalshreppur væri minna virði en önnur sveitarfélög.

Jóhann F. Þórhallsson, sveitarstjórnarfulltrúi hjá Fljótsdalshreppi, tók næstur til máls. Sagði hann samstarfið í stjórn hafa verið mjög gott og að allir væru að hugsa um hagsmuni svæðisins í heild. Taldi Jóhann ekki að Fljótsdalshreppur hefði verið eftirbátur í þeim málum og því hefði honum verið brugðið þegar hann sá fyrirkomulagið sem að var stefnt og hvernig málum væri háttað annars staðar. Vildi hann að SSA væri með sama háttinn á og hjá öðrum landshlutasamtökum. Hann hefði skilið samtalið við formann SSA svo að sjálfsagt væri að öll sveitarfélög væru með fulltrúa en sú væri ekki raunin, spurði hvað hefði breyst? Samvinna væri mikilvæg til að vinna að hag svæðisins.

Eypór Stefánsson, sveitarstjórnarfulltrúi hjá Múlaþingi, fór yfir breytingartillögu stjórnar, hann hefði verið með athugasemdir við þá tillögu sem lá fyrir og kynnt var á haustþingi, sem vörðuðu m.a. uppstillingarnefnd. Minnti hann á að ekkert væri fullkomið en sagði margt í tillögu Fljótsdælinga áhugavert. Samþykktir þyrftu hins vegar að standast álag ef kæmi til ósættis og með tvöföldu vægi formanns skapaðist valdaójafnvægi sem sér hugnaðist ekki. Hann benti á sterka stöðu Vopnafjarðar og Fljótsdals miðað við stærð, fengju báðir atkvæði í stjórn. Sér fyndist atkvæðavægi ætti að ráða afli innan stjórnar. Benti líka á að Borgarfjörður hefði ekki átt möguleika á manni í stjórn áður en hreppurinn sameinaðist Múlaþingi. Nú hefði Fljótsdalur amk. áheyrnarfulltrúa en sú hefði ekki verið raunin þegar fleiri sveitarfélög voru í SSA. Taldi hann tillögu Fljótsdals um aukið væri formanns geta verið óheppilega þegar til ósættis kæmi í stjórn.

Berglind Harpa tók aftur til máls og svaraði spurningu sem Jóhann beindi til hennar. Hún sagði þau hafa átt gott samstarf, hún skildi hvað hann ætti við með tillögu sinni en benti á að það þyrfti að lenda svona máli með sanngjörnum hætti. Kæmi upp sú staða að stór ákvörðun sé tekin skipti máli hvernig atkvæðafjöldinn að baki stjórnarmönnum sé. Skrýtið væri ef stóru sveitarfélögin væru með 2 atkvæði og Fljótsdalshreppur með eitt; til að jafna atkvæðavægi þyrftu að vera 40 í stjórn til þess að Fljótsdælingar gætu verið með eitt atkvæði. Hún minnti líka á að allir sveitarstjórnarmenn væru að kjósa um þessa breytingu en ekki bara hún.

Jón Björn Hákonarson, sveitarstjórnarfulltrúi hjá Fjarðabyggð, tók næstur til máls og minnti á flest hefðu verið 22 sveitarfélög í SSA og mörg talið að þau ættu rétt á setu í stjórn. Mikilvægt væri að leiða öll sjónarmið að borði. Það hefði verið framfaraskref þegar áheyrnarfulltrúar fengu sæti í stjórn og að þeir ættu að undirrita fundargerðir sambandsins eins og aðrir fulltrúar. Áheyrnarfulltrúar hefðu jafna aðkomu að fundunum, nema í atkvæðagreiðslu. Sagði Jón Björn mikilvægt að ef tillaga stjórnar yrði samþykkt yrði að bæta við hana þar sem rætt væri um áheyrnarfulltrúa *“með málfrelsi og tillögurétt”*.

Stefán Bogi tók til máls og ítrekaði að hann væri eingöngu ráðgjafi en vildi koma a framfæri skýringum. Varðandi breytingartillögu Fljótsdalshrepps er sneri að atkvæðamagni formanns taldi Stefán ekki þörf á slíku ákvæði því ef það væri ekki til staðar féllu atkvæði einfaldlega á jöfnu. Vill hann hafa breytingartillöguna í

tvönnu lagi, um sitt hvora greinina. Ýmsar breytingar hefðu átt sér stað sem hefðu leitt til þess að vægi og aðkoma Fljótsdalshrepps hefði aukist með árunum, þannig að ekki væri verið að ganga á hlut hreppsins. Sagðist hann ekki líta á breytingartillögur frá stjórninni sem pólitíska stefnumörkun heldur lagatæknilegs eðlis.

Ragnar Sigurðsson, sveitarstjórnarfulltrúi hjá Fjarðabyggð, tók næstur til máls og sagðist skilja sjónarmið Fljótsdælinga en gæti ekki tekið undir að samþykktir útilokuðu þá frá stjórnarsetu. Vægi þeirra hefði aukist innan stjórnar. En sem maður sátta vildi hann leggja til samþykkt stjórnartillögu um breytingar en lagði jafnframt fram tillögu að bókun:

„Stjórn SSA verði falið að móta tillögu að breytingum um fjölda stjórnarmanna SSA, atkvæðavægi fulltrúa og kostnaðarhluta sveitarfélaga. Tillagan skal taka mið af því að öll sveitarfélög hafi atkvæðarétt á stjórnarfundum m.t.t. atkvæðavægis út frá íbúafjölda. Stjórn skal skila tillögu til afgreiðslu á haustþingi SSA 2026.“

Helgi Gíslason tók aftur til máls. Taldi hann tillöguna í samræmi við það sem algengt sé hjá frjálsum félagasamtökum varðandi atkvæði formanns. Spurði hvort það væri eitthvað betra að sveitarfélag með 600 íbúa væri oddamaður ef stóru sveitarfélögin tvö væru ekki sammála en ef annað hefði aukið vægi formanns?

Helgi Hlynur Ásgrímsson, sveitarstjórnarfulltrúi hjá Múlaþingi, steig næstur í pontu og sagði það að tvöfalda atkvæði formanns væri ekki gott. Fara mætti þá leið að breyta samþykktinni en fara þá leið að hvert sveitarfélag hefði einn fulltrúa eins og á Norðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu. Benti hann á að mál þar sem hann hefði ekki verið boðaður sem varamaður á fundi þar sem umsögn um Hamarsvirkjun var til umræðu vera dæmi um að atkvæði í stjórn skiptu máli. Lögð hefði verið áherslu á einingu stjórnar.

Vilhjálmur Jónsson, sveitarstjórnarfulltrúi hjá Múlaþingi, tók síðastur til máls. Taldi hann breytingartillögu stjórnar nokkuð góða en velti fyrir sér hvort skilja ætti Fljótsdal útundan eitt sveitarfélaganna. Skoða mætti hvort formaður og varaformaður, sem væru ekki úr sama sveitarfélagi, hefðu 1,5 atkvæði hvor. Vildi hann að stjórnin ynni frekar með málið og reyndi að finna sátt.

Að því búnu var málið tekið til afgreiðslu. Breytingartillaga Fljótsdal gengi lengra sem breyting á breytingu og því kosið um hana fyrst, svo breytingartillögu stjórnar og síðast viðbótartillögu.

Kosið var um breytingu Fljótsdalshrepps í heild. Fljótsdalshreppur óskaði eftir nafnakalli:

Fljótsdalur:

Jóhann F. Þórhallsson: já

Halla Auðunardóttir: Já

Múlaþing:

Berglind Harpa Svavarsdóttir (fór m. atkvæði Guðnýjar Láru Guðrúnardóttur): nei

Björg Eypórsdóttir: nei

Eyþór Stefánsson: sat hjá

Helgi Hlynur Ásgrímsson (fór m. atkvæði Ásrúnar Mjallar Stefánsdóttur): nei

Jóhann Hjalti Þorsteinsson: já

Ívar Karl Hafliðason: nei

Vilhjálmur Jónsson: sat hjá

Eiður Gísli Guðmundsson: sat hjá

Hannes Karl Hilmarsson: sat hjá

Fjarðabyggð:

Ragnar Sigurðsson: nei

Hjördís Helga Seljan Þóroddsdóttir: nei

Stefán Þór Eysteinnsson: nei

Elís Pétur Elísson: nei

Kristinn Þór Jónasson: nei

Þórdís Mjöll Benediktsdóttir: nei

Jóhanna Sigfúsdóttir: nei

Jón Björn Hákonarson: nei

Vopnafjörður:

Axel Örn Sveinbjörnsson: já

Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir: já

Bobana Micanovic: já

Tillagan var felld með 8.101 atkvæðum á móti 1.214.

Kosið var um tillögu stjórnar í heild með handauppréttingu. 21 greiddi atkvæði með (10,651), enginn greiddi atkvæði gegn. Þrír sátu hjá.

Kosið var um viðbótartillögu Jóns Björns við stjórnartillögu stjórnar, 5. grein. Lagði hann til að bæta við „með málfrelsi og tillögurétt“ er rætt væri um áheyrnarfulltrúa í stjórn.

Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Að síðustu voru greidd atkvæði um bókun Ragnars Sigurðssonar: „Stjórn SSA verði falið að móta tillögu að breytingum um fjölda stjórnarmanna SSA, atkvæðavægi fulltrúa og kostnaðarhluta sveitarfélaga. Tillagan skal taka mið af því að öll sveitarfélög hafi atkvæðarétt á stjórnarfundum m.t.t. atkvæðavægis út frá íbúafjölda. Stjórn skal skila tillögu til afgreiðslu á haustþingi SSA 2026.“

21 greiddi atkvæði með (9790), tveir á móti (951), einn sat hjá (476).

9) Önnur mál

Enginn önnur mál.



Fundarstjóri fól formanni að slíta fundi. Formaður SSA þakkaði fyrir góðan fund og var fundi slitið klukkan 13:10.

Undirritunarsíða

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Dagmar Ýr Stefánsdóttir

Aron Thorarensen